



Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
nefnasvid@althingi.is


Reykjavík, 26. maí 2016


**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, búnaðarlögum og tollalögum, 680. mál.**

Samtök iðnaðarins hafa það meginhlutverk að þjóna íslenskum iðnaði og gæta hagsmuna hans á innlendum og erlendum vettvangi. Ennfremur hafa samtökin það markmið að íslenskum fyrirtækjum verði búið starfsaðstaða sem gerir þau samkeppnishæf á innlendum og erlendum mörkuðum, án hindrana og með arðbærum hætti.

Ein forsenda þess að innlend framleiðslufyrirtæki geti staðist aukna samkeppni við erlenda framleiðendur er að hráefnisverð innlendra framleiðenda sé samkeppnishæft. Með nýjum samningi við Evrópusambandið um viðskipti með landbúnaðarvörur eru tollar á fullunnar vörur, framleiddar úr landbúnaðarhráefnum, lækkaðir verulega eða afnumdir. Sem dæmi um slíkar vörur má nefna súkkulaði, ís og bökunarvörur. Þrátt fyrir þessa lækkun tolla á fullunnum vörum er landbúnaðarhráefnið til þeirrar framleiðslu enn með fullum tollum og stendur jafnvel til með fyrirbyggjandi frumvarpi að hækka þá tolla umtalsvert á mjólkurduft.

Nú þegar er staða innlendra framleiðenda mun lakari en erlendra keppinauta en verður hálfu verri ef samningurinn kemur til framkvæmda. Sjá má í því skyni neðangreinda töflu sem sýnir glöggst stöðuna.





Varlega áætlað nota innlendir framleiðendur um 390 tonn af undanrennudufti, 320 tonn af nýmjólkurdufti, 100 tonn af smjöri og 100 tonn af eggjum árlega. Ef miðað er við áætlaða notkun innlendra framleiðenda, eru þeir að greiða um 370 milljónir króna ári fyrir landbúnaðarhráefni umfram það sem erlendir keppinautar þeirra greiða fyrir hráefni í sama magni af fullunninni vöru miðað við núverandi verð. Rétt er að hafa í huga að verð á heimsmarkaði sveiflast nokkuð og þar að auki hafa sveiflur í gengi íslensku krónunnar áhrif á heimsmarkaðsverð umreiknað í íslenskar krónur. Að mati samtakanna skýtur það skökku við að tollasamningur skuli beinlínis hygla erlendum keppinautum og veikja samkeppnisstöðu íslenskra iðnfyrirtækja gagnvart þeim. Með búvörusamningum er verið að standa vörð um íslenskan landbúnað með verulegum tilkostnaði en óeðlilegt er að slíkt sé á kostnað íslenskra iðnfyrirtækja sem þurfa afurðir landbúnaðar sem hráefni. Samtökin vekja athygli á að fjármálaráðherra hefur heimildir til að fella niður tolla af hráefni til iðnaðarframleiðslu og er slíkt alla jafna framkvæmt nema í tilviki landbúnaðarhráefna. Mikilvægt er að þessu verði breytt.

Ljóst er að nýir búvörusamningar fela í sér skýr skilaboð um að stjórnvöld ætli að standa vörð um hagsmuni landbúnaðarins með talsverðum tilkostnaði. Samtökin átta sig fyllilega á því að að öflug landbúnaðarframleiðsla er þjóðinni mikilvæg og að einstakar greinar þurfa eðlilegt ráðrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum og að slíku fylgir tilkostnaður.

En búvörusamningar og aðrir samningar, sem hafa áhrif á starfsumhverfi landbúnaðarins, verða engu að síður að fela í sér skýra hvata til nýsköpunar og virkrar samkeppni. Mikilvægt er hugað sé að jafnræði milli atvinnugreina og búverndin má alls ekki vera á kostnað samkeppnishæfni íslenskra iðnfyrirtækja. Þetta er ekki síst áréttað hér þar sem tímalengd samninganna er 10 ár og ekki verður séð að ofangreind markmið muni skila sér að nokkru ráði á samningstímanum.

Hægt en örugglega minnkandi stuðningur við landbúnað, hvort heldur í formi beins eða óbeins stuðnings, myndar hvata til aukinnar framleiðni í landbúnaði og gerir um leið bændum kleift að lifa af minni stuðningi en áður. Þannig má byggja enn frekar



undir samkeppnishæfni, stuðla að virkari samkeppni og umfram allt ná betri almennri sátt um þennan mikilvæga málaflokk til lengri tíma.

Virðingarfyllst,  
SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Almar Guðmundsson', is written over a horizontal line.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri